

Stærðfræði 3. bekkur 2023-2024

Kennarar: Dagur Steinn Baldursson; Guðfinna Unnur Gunnarsdóttir;
Guðrún Jóhannsdóttir

3

Lýsing

Í stærðfræði einbeitem við okkur að einu aðal viðfangsefni í senn, æfingar í reikniaðgerðunum fjórum, samlagningu, frádrætti, mælingum, rúmfræði, margföldun og deilingu,

Námsefninu Sprotta er skipt niður í ákveðin viðfangsefni (kafla). Sprotti er aðalbók námsgreinarinnar, auk hennar er æfingahefti.

Einnig er annað efni haft til hliðsjónar meðfram aðalbókunum og stafrænt efni á vef.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Í stærðfræði einbeitem við okkur að einu aðalviðfangsefni í senn, oftast í 2-3 vikur. Samhliða viðfangsefnunum hverju sinni verða æfingar í reikniaðgerðunum fjórum, samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu, bæði með notkun vasareiknis og uppsetningu dæma í reikningshefti.

Innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, þrautalausnir, leitaraðferðir og hópvinna.

Leitast verður við að aðlaga násefnið að nemendum eftir getustigi þeirra og færni. Jafnt þeim nemendum sem þurfa meira krefjandi verkefni og þeim nemendum sem þurfa meiri þjálfun og hvatningu.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst – september	Sprotti 3a	- Getur safnað gögnum í umhverfi sínu.
	Kafli 1: Upplýsingar og tölfræði	- Getur talið, flokkað og skráð niðurstöður í töflu.
	Kafli 2: Þriggja stafa tölur	- Getur sett niðurstöður upp í einföld myndrit.
		- Getur tekið þátt í samræðum um stærðfræðilega verkefni.
Október		- Getur skráð tölur með því að skipta þeim upp eftir sætum í tugi og einingar.
		- Getur leyst samlagningardæmi með allt að þriggja stafa tölum.
		- Getur lesið tölur af talnalínunum.
Nóvember	Sprotti 3a	- Getur uppgötvað og haldið áfram með talnarunur.
	Kafli 3: Mælingar	- Getur mælt lengdir (m/cm)
	Kafli 4: Tími	- Getur mælt þyngd (kg/g)
Desember		- Getur breytt úr einni mælieiningu í aðra.
	Sprotti 3a	- Kann á skífuklukku.
	Kafli 4: Tími	- Kann á stafræna klukku.
	Kafli 5: Rúmmál	- Getur skráð tímasetningar og tímalengd ýmissa athafna og atvika.
		- Þekkir heiti þrívíðra forma.

		-	Getur mælt flatarmál og rúmmál með talningu.
	Sproti 3a	-	Áttar sig á tengslum endurtekinnar samlagningar og margföldunar.
Desember	- Kafli 6: Margföldun 1	-	Getur fundið spegilás.
	- Kafli 7: Samhverfa	-	Getur speglað myndir.
	Sproti 3a		
Janúar	- Kafli 6: Margföldun 1	-	Áttar sig á tengslum endurtekinnar samlagningar og margföldunar.
	- Kafli 8: Deiling	-	Áttar sig á deilingu sem endurteknum frádrætti.
	- Upprifjun		
	Sproti 3b	-	Getur lagt saman þriggja stafa tölur.
Febrúar	- Kafli 9: Kaup og sala	-	Getur námundað að næsta tug.
	- Kafli 10: Talnaveiðar	-	Getur námundað að næsta hundraði.
		-	Getur gert sér grein fyrir gildi talna.
	Sproti 3b	-	Getur geymt í samlagingu.
Mars	- Kafli 11: Samlagning og frádráttur	-	Getur tekið til láns í frádrætti.
	- Kafli 12 : Rúmfræði	-	Þekkir hugtökin rétt horn, hvasst horn og gleitt horn.
		-	Þekkir hugtökin samsíðastrik og línur.
		-	Þekkir hugtökin þríhyrningur, ferningur, ílangur rétthyrningur og samsíðungur,
	Sproti 3b	-	Getur áttað sig á því að almenn brot eru hlut af einum heilum og sem hluti af safni.
Apríl	- Kafli 13: Almenn brot	-	Kann margföldunartöflunar frá 1-6.
	- Kafli 14: Margföldun 2	-	
	Sproti 3b	-	Getur lagt saman þriggja stafa tölur.
		-	Getur dregið frá með þriggja stafa tölum.
Maí - júní	- Kafli 15: Reikningur	-	Getur leyst orðadæmi
	- Kafli 16: Hvar í rúðunetinu	-	Getur leyst deilingardæmi sem sem jafna skiptingu og sem endurtekinn frádrátt.
	- Uppryfjun	-	Getur staðsett reit eða punkt á hnitakerfi.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.

Grunnþættir menntunnar eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í stærðfræði í 3. bekk verður unnið með grunnþættina á eftirfarandi hátt:

- Læsi: að nemendur nái tókum á ýmsum táknerfum og miðlum. T.d. læsi á tölur og hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar.
- Sjálfbærni: að nemendur vinni með tölulegar upplýsingar til að öðlast skilning á eigin vistspori og vistspori samfélaga.
- Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti: að nemendur vinni með tölulegar upplýsingar í lýðræðislegum kosningum innan bekkjarins um ýmis málfevni.
- Sköpun: nemendur eru hvattir til að leita skapandi leiða við úrlausnir verkefna og vinna ýmis verk sem tengjast stærðfræðilegum fyrirbærum.

Námsmat

Námsmat fer fram með margvíslegum hætti og byggja á hæfniviðmiðum greinarinnar. Niðurstöðurnar birtast á hæfnikortum nemenda inn á Mentor. Metin verða kaflapróf úr Sprota 3a og 3b ásamt annarprófum

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti: Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð, vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að nemendur geti unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum og eigi góð samskipti.

Mæting: Nemendur bera ábyrgð á að mæta stundvíslega í tíma.

Virgni í tímum: Áhersla er lögð á að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Heimavinna: Heimavinnu skal skilað á réttum tíma. Heimavinna er afhent á þriðjudögum og skal henni skilað í síðasta lagi viku síðar. Nemendur skuli lesa upphátt heima a.m.k. fimm sinnum í viku í a.m.k. 15 mínútur í senn.

Ábendingar um hjálpargögn fyrir nemendur: Ýmsar gagnlegar vefsíðu reins og krakkavefur á mms.is

Stoðþjónusta fyrir nemendur: Áætlun um stoðþjónustu unnin með sérkennara.

Skyldur nemenda: Nemendur fara eftir skólareglum og virði bekkjarsáttmála og fyrirmæli kennara og annars starfsfólks.

Skyldur kennara: Kennari leitast við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem boðið er upp á fjölbreytta náms- og kennsluhætti.

Sel - stærðfræði 3. bekkur

- **Hæfni á námssviði**
- Getur mælt lengdir (m/cm)
- Kann á skífuklukku.
- Þekkir heiti þrívíðra forma.
- Þekkir hugtökin rétt horn, hvasst horn og gleitt horn.
- Getur staðsett reit eða punkt á hnitakerfi.
- Getur mælt þyngd (kg/g)
- Kann á stafræna klukku.
- Getur mælt flatarmál og rúmmál með talningu.
- Þekkir hugtökin samsíðastrík og línur.
- Getur breytt úr einni mælieiningu í aðra.
- Getur skráð tímasetningar og tímalengd ýmissa athafna og atvika.
- Getur lesið tölur af talnalínum.
- Þekkir hugtökin þríhyrningur, ferningur, ílangur rétthyrningur og samsíðungur.

Sel - stærðfræði 3. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Getur tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

Sel - stærðfræði 3. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Getur leyst orðadæmi

Sel - stærðfræði 3. bekkur - Tölur og reikningur

- Getur skráð tölur með því að skipta þeim upp eftir sætum í hundruð, tugi og einingar.
- Áttar sig á deilingu sem endurteknum frádrætti.

- Getur gert sér grein fyrir gildi talna.
- Getur áttað sig á því að almenn brot eru hlut af einum heilum og sem hluti af safni.
- Getur leyst deilingardæmi sem sem jafna skiptingu og sem endurtekinn frádrátt.
- Getur leyst samlagningardæmi með allt að þriggja stafa tölum.
- Getur námunnað að næsta tug.
- Getur geymt í samlagingu.
- Kann margföldunartöflunar frá 1-6.
- Áttar sig á tengslum endurtekinnar samlagningar og margföldunar.
- Getur námunnað að næsta hundraði.
- Getur tekið til láns í frádrætti.
- Getur dregið frá með þriggja stafa tölum.

Sel - stærðfræði 3. bekkur - Algebra

- Getur uppgötvað og haldið áfram með talnarunur.

Sel - stærðfræði 3. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Getur safnað gögnum í umhverfi sínu.
- Getur talið, flokkað og skráð niðurstöður í töflu.
- Getur sett niðurstöður upp í einföld myndrit.

Sel - stærðfræði 3. bekkur - Lykilhæfni

- Leggur sig fram við námið og nýtir tímann sinn vel.
- Unnið vel eftir fyrirætlum og sjálfstætt.
- Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað meðan aðrir tala og af öryggi tjáð eigin hugsanir og skoðanir.